

Alþingi
Erindi nr. P 139/5
komudagur 21.10.2010

**AMNESTY
INTERNATIONAL**



AMNESTY INTERNATIONAL ÍSLANDSDEILD • ICELAND SECTION
Þinghóltsstræti 27 • P.O. Box 618 • 121 Reykjavík
Tel: +354 511 7900
amnesty@amnesty.is • www.amnesty.is

**Umsögn Íslandsdeildar Amnesty International
um
frumvarp til laga um friðlýsingu Íslands fyrir kjarnorkuvopnum og bann við umferð
kjarnorkuknúinna farartækja
(Lagt fyrir Alþingi 139. löggjafarþing 2010-2011)
Þskj. 18 - 18. mál**

Reykjavík 20.10.2010

Mannréttindasamtökin Amnesty International tóku á heimsþingi samtakanna árið 2003 ákvörðun um að andmæla notkun, vörslu, framleiðslu og flutningi á kjarnavopnum.

Samtökin hafa mótmælt notkun allra handahófskenndra vopna, svo sem jarðsprengja og klasasprengja. Kjarnavopn falla undir þá skilgreiningu en slík vopn þyrma engum sem fyrir þeim eða geislum frá þeim verður. Einnig hafa samtökin lagt áherslu á að gerður verði alþjóðlegur samningur sem tryggir að ríkara eftirlit verði með sölu og dreifingu vopna, með það að markmiði að koma í veg fyrir að vopn séu seld til landa þar sem hætta er á að þeim verði beitt í andstöðu við alþjóðleg mannréttinda- og mannúðarlög.

Íslandsdeild Amnesty International fagnar því framkomnu frumvarpi sem hefur það m.a. að markmiði að gera allt íslenskt yfirráðasvæði kjarnorkuvopnalaust og að stuðla að afvopnun og friði af Íslands hálfu.

Íslandsdeild Amnesty International vill að gefnu tilefni hvetja Alþingi og ríkisstjórn til að taka með virkum hætti þátt í gerð alþjóðlegs vopnaviðskiptasamnings á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og tryggja að samningurinn endurspeglir alþjóðlega viðurkennd mannréttinda- og mannúðarlög.

Virðingarfyllt

Jóhanna K. Eyjólfsdóttir

Framkvæmdastjóri

Íslandsdeildar Amnesty International